

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/885
komudagur 4/2 1997

Reykjavík, 31. janúar 1997.

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins.

Iðnlánasjóður er lánastofnun í eigu ríkisins og telst fyrirtæki í C-hluta ríkisreiknings. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því það var síðast lagt fram og þær breytingar sem varða Iðnlánasjóð eru allar til bóta.

Í 41. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að stofna til frekari *fjárskuldbindinga* en fjárlög gera ráð fyrir ef það hlýtur samþykki fjármálaráðherra og viðkomandi fagráðherra, enda sé það gert í þeim tilgengi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins.

Iðnlánasjóður er ríkisstofnun sem starfar í almennri samkeppni við aðrar lánastofnanir í landinu. Útlán sjóðsins á hverjum tíma og lántökur ráðast alfarið af markaðsaðstæðum hverju sinni. Oft kann að vera erfitt að sjá fyrir með óyggjandi hætti hve mikið er unnt að lána á næsta ári. Iðnlánasjóður hefur um árabil gert áætlanir um rekstur næsta árs og hefur stundum verið lánað meira en áætlað var og stundum minna en áætlun gerði ráð fyrir.

Frá ákvæðum 41. gr. frv. má gagnálykta á þann veg að óheimilt sé að stofna til frekari *fjárskuldbindinga* en greinir í fjárlögum. Spurningin er hvað átt sé við með orðinu *fjárskuldbinding*. Sé merkingin sú, að með orðinu sé einungis átt við lántökur þá er ekki um neina breytingu að ræða frá núgildandi ástandi, þar eð Iðnlánasjóður þarf nú að fá heimild til lántaka á lánsfjárlögum. Sá skýringarkostur er etv. nærtækastur með



vísan til athugasemda með ákvæðinu í greinargerð en þar er vísað til laga 103/1974 um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Ef aðrir skýringarkostir eru valdir, t.d. að með orðinu fjárskuldbinding sé átt við alla þá þætti sem taka ber fram í fjárlögum um lánastofnun skv. 25. gr. frv. leiðir það til þess að áætlanir um afkomu, útlán og lánsfjárförf verða þess eðlis að tryggt sé að nægilega mikið sé samþykkt. Áætlanir verða þannig ónákvæmar og villandi.

Það er því skoðun okkar, að betur færi á því, að taka af allan vafa í þessum efnum með því að í 41. gr. segði: “taka hærri lán” í stað “stofna til frekari fjárskuldbindinga”.

Virðingarfyllst,
f.h. Lánasjóðs

Bragi Hannesson
Forstjóri

Tómas Sigurðsson, hdl.